

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 9. desember 2010  
RH/SLB/042/2010

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, með síðari breytingum - 256. mál.**

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar því verið er að færa málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Þjónusta við fatlaða mun skerðast við yfirfærsluna eins og frumvarpið er í dag þar sem ekki er tryggð félagsráðgjöf við fatlaða og vill félagið vara við þeirri óheillapróun.

Minna verður á að lög um málefni fatlaðra eru sérlæg fyrir sérstakan hóp með flóknar og miklar þjónustubarfir. Í núgildandi lögum gr. 12. Lið 10. er fötluðum tryggð félagsráðgjöf á svæðinu. Þar sem sú grein er felld niður í frumvarpinu er öll trygging fyrir félagsráðgjöf við fatlaða felld út. Stuðningur félagsráðgjafa við fatlaða er margvíslegur s.s. félagsleg ráðgjöf, upplýsa um réttindi, veita persónulegan stuðningu við fullorðna einstaklinga, og við fötluð börn og fjölskyldur þeirra og mat á umönnunarþörf.

Lagt er til að í við fjórða kafla núgildandi laga lið 3 verði orðið „ráðgjöf“ tekið út og fötluðum tryggð félagsráðgjöf og hún verði svohljóðandi:

„Þarfir fatlaðra fyrir sálfræðiþjónustu, félagsráðgjöf, félagslegan stuðning og félagslegt samneyti, þar með talið að njóta tórstunda og menningarlífs. Þjónusta þessi er m.a. skv. VIII. og IX. Kafli.“

Fyrir liggur að segja eigi upp þeim starfsmönnum sem hafa mesta faglega þekkingu á málaflokknum og reynslu í þjónustu við fatlaða. Félagsráðgjafafélag Íslands gerir athugasemd við að félagsráðgjafar og aðrir starfsmenn sem sinna beinni þjónustu við notendur geta ekki fallið beint undir aðilaskiptalögin við yfirfærsluna og þannig komist hjá uppsögnum starfsmanna. Sinna þarf þessari þjónustu áfram hvort sem hún er hjá ríki eða sveitarfélögum. Lagt er því til að ákvæði um störf starfsmanna í ráðgjöf verði færð úr d. lið (VIII) og yfir í e. lið (IX). Þannig að gert sé ráð fyrir að starfsmenn sem sinni ráðgjöf og m.a. þjónustu við barnafjölskyldur falli undir



Félagsráðgjafafélag Íslands

aðilaskiptalögin og færast yfir til sveitarfélaga eins og aðrar sambærilegrar starfseiningar.

Virðingarfyllst,

Valgerður Halldórsdóttir

framkvæmdastjóri Félagsráðgjafafélags Íslands



Félagsráðgjafafélag Íslands